

boenda
FERÐIR

Á GÖNGUSKÍÐUM Í RAMSAU 3

kennslu- og æfingaferð



17. – 24. febrúar 2024

Fararstjórn: Kjartan Long

Skíðakennsla: Elsa Guðrún Jónasdóttir & Kristján Hauksson

Hreyfiferð

Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Vetrarlandslagið í bænum Ramsau við Dachstein er einstaklega fallegt. Bærinn liggur á Ramsauer hásléttunni í 1000–1300 m hæð og tignarlegir hvítir alpatindar gnæfa yfir til suðurs. Svæðið, sem er snjóöruggt og sólríkt, er með betri skíðagöngusvæðum Alpanna. Skíðagöngubrautirnar teygja sig yfir þrjú mismunandi hæðarsvæði og því er svo sannarlega hægt að finna brautir við allra hæfi. Gist verður 7 nætur á ekta austurrísku 4* alþóteli sem býr yfir glæsilegri heilsulind. Skíðagöngubrautir liggja beint við hótelið og stutt er í verslanir og aðra þjónustu. Í þessari ferð fer saman útivist, hreyfing, góður matur og skemmtilegur félagsskapur í sannkölluðu ævintýralandslagi. Flogið er með Icelandair til Salzburg og ekið sem leið liggur til Ramsau en þangað eru um 90 km. Í þessari ferð er skipulögð skíðagöngukennsla og því hentar hún bæði byrjendum sem lengra komnum.



Nánar um ferðina

Í ferðinni verða bæði fararstjóri og skíðakennarar. Fyrir þá sem það vilja verða skíðakennarar með æfingar og kennslu flesta daga, bæði fyrir og eftir hádegi. Því er upplagt að nýta sér kennsluna hálfan daginn og æfa sig sjálfur hálfan daginn. Kennslan verður fjölbreytt og skipt er í hópa eftir getu. Þeir sem vilja frekar njóta þess að skíða á sínum eigin forsendum í dásamlegu umhverfi gera það. Markmiðið er að allir njóti sín á gönguskíðum við góðar aðstæður.

8 dagar | 7 nætur í Ramsau

Skíðasvæðið

Ramsau er snotur 2.800 íbúa bær sem liggur við rætur Dachstein jökulsins. Bærinn stendur á bjartri og sólríkri hásléttu sem er eins og risastór verönd hátt í fjöllum. Þetta snjóörugga svæði er með sérlega góðar og fjölbreyttar skíðagöngubrautir sem spanna samtals um 220 km og liggja á þremur mismunandi hæðarsvæðum; Ramsauer Hochplateau í 1.200 m hæð, Almenregion í 1.700 m hæð og Dachsteingletscher í 2.700 m hæð yfir sjávarmáli. Allar þessar brautir hafa fengið gæðastimpil austurríska svæðisins Steiermark. Á Dachstein jöklinum er útsýnispallur með veitingaskála en þangað er hægt að fara upp með kláfi og njóta stórfenglegs útsýnis til allra átta; það sést til Slóveníu til suðurs og Tékklands til norðurs. Á jöklinum er einnig að finna skíðagöngubrautir sem gaman er að spreyta sig á. Hið einstaka samspil ljóss og lita sem endurspeglast í jöklinum gerir Ramsau við Dachstein að sérlega fögrum stað sem eftirsóknarvert er að heimsækja.

Nánar á [vefsíðu Dachstein svæðisins](#).



Hóтелиð

Gist verður allar næturnar á Hotel Matschner. Þetta hlýlega fjölskyldurekna 4* hótél í bænum Ramsau er vel staðsett, en skíðagöngubrautirnar liggja beint fyrir utan hótelið. Á hótelinu eru hugguleg herbergi með baði/sturtu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og netaðgangi. Öll herbergin eru reyklus og með svölum. Á hótelinu er bar og verönd þar sem upplagt er að hittast og eiga notalega stund.



Gestir hafa aðgang að stórri heilsulind sem er tengd við hótelið með undirgöngum. Þar er hægt að slaka á eftir góðan skíðadag. Í heilsulindinni er m.a. að finna innisundlaug, setlaug og 600m² saunasvæði með ýmis konar gufuböðum. Enn fremur er hægt að bóka ýmsar tegundir af nuddi gegn gjaldi. Nánar á [vefsíðu hótelsins](#).

Flugið

Flogið verður með Icelandair til Salzburg þann 17. febrúar. Brottför frá Keflavík kl. 8:00 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Salzburg kl. 12:50 að staðartíma. Frá flugvellið í Salzburg eru um 90 km til Ramsau svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 1,5 klst. Á brottfarardegi er flogið heim kl. 14:00 frá Salzburg. Lending á Íslandi kl. 17:15.

Verð

349.900 kr. á mann í tvíbýli | 25.400 kr. aukagjald einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Ferðir milli flugvallarins í Salzburg og hótelsins í Ramsau.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 4* hóteli.
- ✓ Glæsilegt morgunverðarhlaðborð með heilsuhorni.
- ✓ Fjögurra rétta kvöldverður með valmatseðli, forréttu- og salatbar.
- ✓ Aðgangur að heilsulind.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Kaupa þarf sérstakt kort fyrir skíðagöngubrautir svæðisins (vikukort u.þ.b. € 38).
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug.